




Skagafjörður

DEILISKIPULAG GAMLA BÆJARINS, SAUÐÁRKRÓKI BREYTING - skipulagsmörk við kirkjugarð



Deiliskipulag gamla bæjarins á Sauðárkróki - til skýringar







Gildandi deiliskipulag (1987). Mkv. 1:1000



Breytt deiliskipulag. Mkv. 1:1000

Skýringar

-  Svæði sem fellur úr skipulagi
-  Gildandi skipulagsmörk
-  Breytt skipulagsmörk



VIÐFANGSEFNI

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á skipulagsupprætti þessum og felur í sér breytingu á skipulagsupprætti deiliskipulags gamla bæjarins á Sauðárkróki sem hlaut gildistöku árið 1987. Breytingin er unnin hjá Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd sveitarfélagsins Skagafjarðar. Um er að ræða breytingu á suðvestur skipulagsmörkum en skipulagssvæðið minnkar um 0,87 ha í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir Sauðárkróskirkjugarð sem tekur yfir hluta svæðisins. Svæðið sem fellur úr skipulaginu er sýnt á breytingarupprætti.

ÁHRIFAMAT

Ekki eru þekktir minjastaðir innan skipulagssvæðisins. Ef fornminjar finnast á svæðinu er vísað til 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um ókunnar minjar. Breytingin hefur óveruleg áhrif á umhverfis- og samfélagsþætti þar sem um er að ræða breytingu á skipulagsmörkum og fellur umrætt svæði inn í deiliskipulag fyrir kirkjugarðinn á Sauðárkróki. Ekki eru skilgreindar heimildir til framkvæmda sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag Sauðárkróskirkjugarðs var auglýst 1. júní 2022 í staðarblaði og aðgengileg í ráðhúsi sveitarfélagsins og heimasíðu þess www.skagafjordur.is. Almenningsi gafst kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir um efni lýsingarinnar. Í skipulagslýsingu kom fram að samhlíða tillögugerðar fyrir kirkjugarðinn yrði unnið að breytingu á deiliskipulagi gamla bæjarins.

Breytingartillagan verður lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn Skagafjarðar og í framhaldi auglýst samhlíða deiliskipulagi Sauðárkróskirkjugarðs skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með sex vikna athugasemdafrest. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytingar á tillögunni skal hún auglýst að nýju annars er tillagan send til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykta tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____ var samþykkt í sveitarstjórn Skagafjarðar þann _____.

Sveitarstjóri Skagafjarðar

Augýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



Skagafjörður

DEILISKIPULAG GAMLA BÆJARINS
BREYTING - skipulagsmörk við kirkjugarð

TILLAGA